

Nd.

358. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um

2500 mál sildar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verk-smiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar sildarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um sildarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 10 13. janúar 1938 var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa nýja sildarverksmiðju á Raufarhöfn með 2400 mála afköstum á sólarhring. Verksmiðjan skyldi geta tekið til starfa árið 1938 eða 1939. Með sömu lögum var ennfremur heimilað að láta stækka sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði um 2400 mála afköst á sólarhring. Lántökuheimild í þessu skyni var ein og hálf milljón króna.

Ríkisstjórnin útvegaði strax í ársbyrjun 1938 lán í Englandi, að upphæð £ 27000 til stækkunarinnar á Siglufirði. Framkvæmd hennar var hafin þá þegar og gekk svo greiðlega, að henni var lokið fyrir byrjun sildarvertíðar 1938. Kostnaðarverð stækkunarinnar nam, að meðtöldu nýju mjölgeymsluhúsi og 2000 smálesta lýsisgeymi, kr. 606889.09.

Ríkisstjórnin taldi í ársbyrjun 1938 of nauman tíma til þess, að hægt væri að reisa hina nýju sildarverksmiðju á Raufarhöfn fyrir sildarvertíð það ár, og leitaði því ekki eftir láni til byggingar hennar jafnhliða og til stækkunarinnar á Siglufirði. Hinsvegar var lántökuheimild til byggingar verksmiðju á Raufarhöfn felld inn í lög nr. 42 14. maí 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til 12 milljón króna lántöku. Sú lántaka strandaði, svo sem kunnugt er, síðastl. ár. Var þá í lok ársins 1938 og í byrjun þessa árs leitað eftir sérstöku láni til byggingar Raufarhafnarverksmiðjunnar, en þær umleitunar báru ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins gerði hinn 24. sept. 1938 þá tillögu til ríkisstjórnarinnar, að hin nýja verksmiðja á Raufarhöfn skyldi verða með 5000 mála afköstum á sólarhring í stað 2400 mála. Rökstuddi verksmiðjustjórnin tillögu sína með því, 1) að stofnkostnaður stærri verksmiðjunnar yrði hlutfallslega ódýrari miðað við afköst, eða með þáverandi gengi kr. 1670300 á móti kr. 990300, 2) að rekstrarkostnaður yrði allmiklu lægri á hverju máli sildar hjá stærri verksmiðjunni, 3) að þörf væri fyrir afkastameiri verksmiðju á Raufarhöfn en heimildarlögin gerðu ráð fyrir.

Er þessi tillaga var komin fram, lýstu miðstjórnir Sjálfstæðisflokksins og jafnaðarmanna því yfir, að þær myndu mæla með því við þingmenn flokkanna, að þeir samþykktu á Alþingi heimild til þessarar stækkunar.

Síðastliðið sumar endurnýjaði stjórn sildarverksmiðja ríkisins tillögu sína um, að hin nýja sildarverksmiðja á Raufarhöfn skyldi verða með 5000 mála afköstum á sólarhring. Auk þess taldi verksmiðjustjórnin þörf á [5000—6500 mála] aukningu á afköstum sildarverksmiðja á Siglufirði. Var verksmiðjustjórnin sammála um að leggja til, að þar af skyldu afköst sildarverksmiðja ríkisins á Siglufirði aukin um 2500 mál á sólarhring, en greindi á um leiðir til frekari aukningar þar á staðnum. Ríkisstjórnin féllst á þessar tillögur verksmiðjustjórnarinnar um stækkun hinnar fyrirhuguðu verksmiðju á Raufarhöfn og á sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði.

Þegar hér var komið, þótti sýnt, að nauðsynlegt myndi verða að hefjast tafarlaust handa, ef tryggt ætti að vera, að fyrirhugaðri stækkun yrði lokið fyrir næstu sildarvertið, auk þess sem hinar iskyggilegu horfur á sviði alþjóðamála ýttu undir, að allur hraði væri á hafður. Ríkisstjórnin ákvað því, með hliðsjón af fyrri umsögnum miðstjórna Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins og eftir að hafa ráðfært sig við miðstjórn Framsóknarflokksins, að senda tafarlaust menn utan í þessum erindum, og völdust til fararinnar þeir Ásgeir Ásgeirsson bankastjóri og Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri. Höfu þeir ferð sína 21. ágúst síðastl. Tókst í þessari ferð að fá lán fyrir miklum hluta af erlendu efni og frekari lánstilboð. Einnig tókst að festa kaup á aðalvinnsluvélum til 5000 mála verksmiðju á Raufarhöfn og 2500 mála stækkunarinnar á Siglufirði, áður en verðhækkun varð á þeim vegna ófriðarins. Hefir alls verið keypt inn erlent efni til stækkunarinnar fyrir um kr. 1450000, eða um 85% af því erlenda efni, sem áætlað hefir verið, að þyrfti til þessara framkvæmda.

Í þessu frumvarpi er farið fram á aukna lántökuheimild fyrir kr. 1700000, eða alls kr. 3200000, í stað kr. 1500000 í lögum nr. 10 13. jan. 1938, til stækkunar á sildarverksmiðjum ríkisins. Þessi upphæð sundurliðast þannig:

Stækkun á sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, framkvæmd 1938 . .	kr. 600000
Ný sildarverksmiðja á Raufarhöfn með 5000 mála afköstum á sólarhring	— 2000000
Stækkun á sildarverksm. ríkisins á Sigluf. um 2500 mála afköst á sólarh.	— 600000

Samtals kr. 3200000

Ný sildarverksmiðja á Raufarhöfn með 5000 mála afköstum á sólarhring mun verða til mikils hagnaðar og hagræðis fyrir sildveiðiflotann, þó einkum fyrir hin smærri skip flotans. Ein auðugustu sildarmið landsins eru við Melrakkasléttu, í Þistilfirði og við Langanes, og liggur Raufarhöfn ágætlega við þessum miðum öllum. Hinsvegar er hvora leið í góðu veðri 10—20 klukkustunda lengri sigling, eftir því hve hraðskreið skipin eru, til Siglufjarðar en til Raufarhafnar af sildarmiðunum austan Raufarhafnar, eða í veiðiferð 20—40 stunda lengri sigling. Í slæmu veðri er þessi leið ófær smærri skipum. Vegna þessarar erfiðu aðstöðu hefir oft tapast mikil veiði og margsinnis verið teflt á fremsta hlunn með öryggi skipa og skipshafna. Stjórn sildarverksmiðja ríkisins hefir talið, að aflast muni a. m. k. 25% meira á viðskiptaskip þeirra við það, að hin nýja 5000 mála sildarverksmiðja á Raufarhöfn kæmist upp. Verður að vísu að telja, að eigi sé ólíklegt, að hér sé fulldjúpt í árinna tekið, og einnig þer að hafa hugfast, að þau ár, sem sildin aðallega veiðist vestan Siglufjarðar, verða notin af Raufarhafnarverksmiðjunni takmörkuð. En þrátt fyrir þetta er þó engum vafa undirorpið, að hyggilegt er, að verksmiðjan verði eigi afkastaminni en hér er ráð fyrir gert.

Sökum þess hve þátttaka í sildveiðunum hefir aukizt og aflaskilyrði batnað vegna fullkomnari útbúnaðar, þykir og rétt að auka afköst sildarverksmiðja ríkisins á Siglufirði um 2500 mál á sólarhring.